

Stjórnarfundur FKA #11

Starfsár: 2023-2024

Staður: TEAMS

Dagsetning: 24. apríl 2024

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (ÁÝJ), Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Dóra Eyland (DE), Grace Achieng (GA),

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12.10 – 12.25	2	Vefur FKA - staða og ráðning starfsmanns, tæknimálin og vefráð (GHJ+HBS+AR) GHJ segir frá heimsókn til Kaktus. Tilboð hefur borist frá þeim í vefsíðugerð ásamt tilboði frá OK. Varðandi starfsmannamál fyrir verkefnastjóra vefsíðu, þá er kona frá VIRK tilbúin að byrja en það er ekki allt klárt. VIRK býður 3 mánaða samning, með möguleika á framlengingu í 6 mánuði. Þá greiðir VIRK launakostnað á móti FKA. Hugmynd var að fá styrktaraðila fyrir kostnað FKA en það á eftir að skoða það betur. Væri best að hafa annan styrktaraðila en þann sem við veljum fyrir síðugerð. Mikilvægt að skráningin á viðburði gegnum heimasíðuna sé vel gerð og að upplýsingar eins og nafn og kennitala komi fram en ekki bara tölvupóstfang.

12:25-12:35	3	Skýrsla framkvæmdastjóra - fjárhagur, viðburður ofl. Fundur með jafnvægisvoginni framundan. Þarf að gera skýrslu. Mentor lokahóf verður í byrjun maí. Viðburður með SÝN til að fylgja eftir sýnileikadeginum í vinnslu. Sendar voru út áminningar til félagskvenna til að minna á að borga félagsgjöldin tímalega til að geta kosið á aðalfundinum. Mikill gangur í félaginu. Þarf að passa upp á skráningu á viðburði og skráðar félagskonur. Mikið af konum eru ekki skráðar í félagið eða hafa ekki borgað félagsgjöld lengi en mæta samt á viðburði og eru virkar í facebook-hópum. Mikilvægt að halda utan um þetta, annars engin hvatning fyrir að skrá sig eða greiða félagsgjöld. AR sýnir bankayfirlit sem lítur vel út.
12:35-12:40	4	Austurland - Landsbyggðaráðstefna og ferð Atvinnurekenda Auðar Hugmynd um að bjóða félagskonum fyrir austan að panta fyrirfram 25 ára afmælisvarning FKA sem færi svo með UEA austur. AÝJ fer í ferðina með Atvinnurekenda Auði. Mun taka myndir og deila á samfélagsmiðla ásamt því að segja frá ráðstefnunni og ferðinni. Samþykkt á síðasta fundi að greiða fyrir kostnað ferðarinnar fyrir AÝJ. Skilar inn kvittun.

12:40-12:55	5	Aðalfundur 15. maí ma skráning í nefndir, framboð, innihald glæru ofl. (UEA) UEA biður stjórn um að senda punkta um hvað stjórnarkonur vilji hafa á glærum og yfirferð yfir starfsárið. 24 konur búnar að bjóða sig fram í nefndir. Framboð í stjórn gengur vel, vantar einungis eina í framboð til að fylla stjórn. Ragnhildur Vigfúsdóttir verður fundarstjóri. Rakel Jensdóttir verður ritari fundarins Farið yfir allt skipulag og skoðaðar glærurnar frá aðalfundi 2023. Pure deli sér um veitingar. Fjóla Guðrún Friðriksdóttir mun tilkynna kosningu stjórnar. Kosið verður um lagabreytingar á fundinum, rafrænt. Spurt verður hvort eigi að lesa upp allar tillögur að lagabreytingum, ef ein vill að það sé lesið upp þá þarf að lesa upp Spurning hvort að fundarstjóri lesi tillögurnar eða kona úr kjörstjórn. Fundur með kjörstjórn eftir helgina.
12:55-13:05	6	Jafnvægisvogin (DE) DE ekki á fundi og því fer AR yfir. Mælaborðið fær mikla athygli, líka erlendis. Fólk stolt að segja frá þessari viðurkenningu og birta á heimasíðunni sinni.

13:05-13:20	7	Önnur mál a) Heimildin - 1. maí kveðja FKA boðið að taka þátt í kveðju á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins 1. maí sem yrði birt í Heimildinni. Hár kostnaður. Stjórn kaus að taka ekki þátt. b) Félagsgjöld Umræða um hvort þurfi að hækka félagsgjöld. Mjög kostnaðarsöm verkefni fram undan eins og t.d. varðandi heimasíðuna. Þyrfti þá að gera kostnaðaráætlun fyrir verkefni ársins og þannig væri svo hægt að leggja mat á það hvort það þurfi að hækka félagsgjöldin. Ekki hægt að skipta greiðslum á greiðslukort ef félagsgjöldin eru undir 30 þúsund. Umræða hvort það væri betra að bjóða upp á fjölbreyttari greiðsluleiðir þar sem félagskonur gætu þá skipt greiðslum sjálfar. Það er hægt að hafa kröfu opna og þannig gætu félagskonur greitt inn á kröfuna. Það kostar félagið ekkert en kræfist eftirfylgni.
-------------	---	---

Fundi slitið klukkan 13:24
Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir